

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

## Veiðifélag Krossár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður

Árið 2011, laugardaginn 19. nóvember kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Örlygur Hnefill Jónsson héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

**Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Krossár.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## **úrskurður:**

### **1. Beiðni um mat**

Með bréfi, dags. 25. apríl 2009, fór stjórn Veiðifélags Krossár á Skarðsströnd fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Kemur fram í bréfinu að beiðnin sé sett fram vegna þess að á aðalfundi félagsins, sem haldinn hafi verið 19. apríl 2009, hafi verið lögð fram skrifleg beiðni frá eiganda jarðarinnar Kross um að gerð yrði ný arðskrá fyrir félagið.

Með tilliti til ofanritaðs, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar. Matsnefnd sendi bréf til Veiðifélags Krossár, dags. 9. september 2009, þar sem tilkynnt var að nefndin hefði ákveðið fyrirtöku þessa máls sunnudaginn 27. s.m. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið. Meginhluti þeirra gagna barst matsnefnd frá stjórn félagsins með ábyrgðarbréfi, sem póstlagt var 11. nóvember 2010.

### **2. Matsfundur**

Matsfundur með veiðiréttareigendum eða fulltrúum þeirra var haldinn sunnudaginn 27. september 2009 í veiðihúsi veiðifélagsins og var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá Veiðifélags Krossár. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Fram kom að ekki væri annar ágreiningur um bakkalengdarmælingu en hvar merki væru milli Kross annars vegar og Skarðs hins vegar. Var sá ágreiningur leystur á fundinum og með yfirlýsingu, dags. 30. september 2009, undirrituðu eigendur jarðanna samkomulag um að merki milli jarðanna séu við ármót Krossár og Villingadalsár og þaðan í horn Hrísskinnarfjalls.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á

framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila vegna arðskrárgerðarinnar.

### **3. Vettvangsganga o.fl.**

Með bréfi matsnefndar til Veiðifélags Krossár, dags. 9. september 2009, var tilkynnt að matsnefnd hefði ákveðið að fara í vettvangsgöngu sunnudaginn 27. s.m. og gæfist þeim veiðiréttareigendum, sem þess óskuðu, þá kostur á að hitta matsnefnd. Ferðin var farin í fylgd með formanni félagsins, Trausta V. Bjarnasyni, Á, Símoni Sigurpálssyni, Krossi, Ólafi Eggertssyni, Skarði 1, og Boga Kristinssyni, Skarði.

Krossá á Skarðsströnd í Dalasýslu fellur til sjávar í Breiðafjörð. Áin er hrein dragá, um 15 km að lengd, og er vatnasvið hennar um 47 km<sup>2</sup>. Sumarrensli er áætlað um 1,5 m<sup>3</sup>/sek við eðlilegar aðstæður. Fært er með ánni á flestum bílum, en eftir að komið er nokkuð upp í Villingadal er eingöngu jeppavegur. Áin er laxgeng upp að fossi í Villingadal, um 8 km ofan ármóta Villingadalsár og Krossdalsár. Neðan við ármót heitir áin Krossá.

Í ánni er leyft að veiða á tvær stangir. Veiðitímabilið er frá 1. júlí til 20. september þó með þeirri undantekningu að ekki er leyft að veiða ofan ármóta eftir 1. september. Skráðir veiðistaðir eru um 40. Leyfilegt agn er maðkur og fluga. Hin síðari ár hefur verið kvóti á veiðinni þannig að einungis er heimilt að veiða 4 laxa á stöng á dag eða samtals 16 laxa á tvær stangir á tveimur dögum. Skammt ofan þjóðvegur er nýlegt veiðihús. Neðarlega í ánni er laxateljari sem auðveldar að fylgjast með göngumynstri fisksins.

### **4. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélag Krossár. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 992/2008, sem staðfest var af Fiskistofu 10. október 2008 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. október 2008.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eigi að vatnasvæði Krossár, en þær eru: Skarð, Á, Geirmundarstaðir, Kross og Frakkanes.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Jafnframt beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gildandi fiskræktunaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð. Gildandi arðskrá var staðfest af landbúnaðarráðherra 30. janúar 1989 og birt í stjórnartíðindum 10. febrúar sama ár.

## 5. Rekstur veiðivatna

Stangveiðifélag Reykjavíkur hefur haft ána á leigu undanfarin ár en samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins hefur verið samið við nýjan leigutaka í kjölfar útboðs og byrjar hann með ána eftir veiðitíma sumarið 2011.

Samkvæmt ársreikningi veiðifélagsins fyrir árið 2006 námu rekstrartekjur 1.805.006 krónum árið 2006 og greiddur arður það ár 1.244.025 krónum. Árið 2007 voru rekstrartekjur 2.198.958 krónur og greiddur arður 1.700.000 krónur. Árið 2008 voru rekstrartekjur 2.508.830 krónur og greiddur arður 1.947.000 krónur.

## 6. Sjónarmið eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var eigendum veiðiréttar í Veiðifélagi Krossár, með bréfi, dags. 27. september 2009, gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Barst nefndinni eitt bréf af því tilefni og verður á eftir vikið að þeim sjónarmiðum sem þar komu fram.

### 6.1 Skarð og Á.

Eigendur jarðanna benda á í sameiginlegu bréfi að Villingadalsá hafi síðustu 10 ár verið friðuð fyrir veiði frá 1. september ár hvert, nánar tiltekið frá veiðistað 34 við ármót að ófiskgengum fossi tæpum 8 km ofar. Á þessu svæði sé mikið af laxi í september og myndi veiði þar stórukast væri hún stunduð frá 1. til 20. september. Bestu uppeldisskilyrði árinna séu á þessu svæði og því hafi orðið að samkomulagi innan veiðifélagsins að friða þennan hluta árinna á þessum tíma. Það sé mat eigendanna að áin sé orðin algerlega sjálfbær og að veiði í henni hafi aukist mjög vegna þessa. Friðun þessi hafi komið til eftir gerð gildandi arðskrár og hafi sjónarmið um bótageiðslu því ekki getað komið þá til álita. Samkvæmt 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skuli við niðurrjöfnun veiði og úthlutun arðs líta til aðstöðu til veiði og hafi sá þáttur haft töluvert vægi í nýlegum arðskrármötum. Ljóst sé að friðun árinna á umræddu svæði hafi leitt til minni heildarveiði þar. Sé því sú krafa gerð að tekið sé tillit til þessa við gerð nýrrar arðskrár þannig að hlutaðeigandi veiðiréttareigendur fái bætur fyrir í arðskrá, sbr. heimild í 49. gr. greindra laga. Að öðrum kosti geti eigendurnir ekki unað slíkri friðun áfram á sinn kostnað.

Einnig sé á það bent að við gerð arðskrár sé ekki óeðlilegt að tekið sé jafnt tillit til þriggja viðmiðunarþátta, veiði, bakkalengdar og uppeldisskilyrða. Engin rök né lagasjónarmið styðji þá niðurstöðu að einn þáttur fái meira vægi en aðrir. Veiði sé ákaflega breytileg milli ára á veiðistöðunum. Loks sé vakin athygli á að arður sé metinn sameiginlega fyrir jarðirnar Skarð og Á.

## 7. Skipting arðs

### 7.1 Almennt

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs: „a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, c. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns, g. hrygningar- og uppeldisskilyrða.“ Tekið er fram að við mat framangreindra þátta skuli meta vægi þeirra við verðmætasköpun veiðivatnsins. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta sem varða aðstæður og ýmsar fiskræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar fyrir veiðifélagið skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Í gildandi arðskrá frá árinu 1989 kemur fram að arðshluttur fyrir jörðina Skarð er 36% en 30% fyrir jörðina Á. Samkvæmt mælingum á bakkalengd frá árunum 1970 og 1985, sem lagðar voru til grundvallar við skiptingu arðs í greindri arðskrá, eru gefnar upp sérstakar bakkalengdarmælingar á jarðirnar Skarð og Á. Fyrir matsnefnd liggur hins vegar þinglýst afsal frá árinu 1965 þar sem Kristinn Indriðason, bóndi að Skarði á Skarðsströnd, afsalar Trausta Bjarnasyni, bónda að Á í sama hreppi, eignarjörð sína, Á. Er tekið fram í afsalinu að báðar jarðirnar eigi land að Krossá og að veiðiréttur í ánni, eða andvirði hans, skuli metið sameiginlega fyrir jarðirnar báðar. Skuli jörðin Á hljóta 25%, einn fjórða hluta hins sameiginlega veiðiréttar, eða andvirði hans, en jörðin Skarð 75%, eða þrjá fjórðu hluta. Þá hafa eigendur framangreindra jarða óskað eftir því í bréfi til matsnefndar að arður verði metinn sameiginlega fyrir jarðirnar. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að arði skuli skipt þannig að jörðin Á hljóti 25% af sameiginlegum arði jarðanna en jörðin Skarð 75%.

Í gildandi arðskrá er skipting milli jarða sett fram með hlutfallstölum án aukastafs. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að miða við 10.000 einingar. Í köflum 7.2, 7.3 og 7.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

## 7.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði

Ekkert liggur fyrir um lax- eða silungsveiði í net í Krossá og er því ekki úthlutað einingum vegna þess þáttar.

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á tölum um veiði frá Veiðimálastofnun um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum í Krossá fyrir árin 1998 til 2010, að báðum árum meðtöldum. Á framangreindu tímabili voru 2.033 laxar skráðir veiddir á merktum veiðistöðum. Auk þessa voru 22 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað.

Mat á aðstöðu til silungsveiði er byggt á tölum frá Veiðimálastofnun um skiptingu á silungsveiði fyrir árin 1998 til 2010. Á þessu tímabili voru 383 bleikjur skráðar á merkta veiðistaði en auk þess veiddust 148 bleikjur sem ekki voru skráðar á merkta veiðistaði. Skráðir urriðar voru á sama tímabili 228, auk þess sem 19 urriðar voru veiddir án tilgreiningar á veiðistað.

Afli sem ekki er skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Gildir þetta um lax og silung. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.800 einingum milli veiðiréttareigenda við Krossá í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að skipta 110 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í bleikjuveiði og 55 einingum í samræmi við hlutdeild í urriðaveiði.

## 7.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Fyrir matsnefnd liggur svohljóðandi samþykkt: „Aðalfundur Veiðifélags Krossár, haldinn að Skarði 9. nóvember 2010. Samþykkir að bakkamæling, sem gerð var á Krossá 1970 gildi fyrir jarðirnar Skarð, Á og Kross í væntanlegu arðskrámati. Þó með þeirri undantekningu samanber yfirlýsingu milli Skarðs annars vegar og Kross hins vegar, dagsett 30. september 2009 færast 536 metra bakkalengd frá Krossi til Skarðs. Mæling á ósasvæði stendur óbreytt sem samþykkt var af öllum landeigendum 8. júní 1985.“

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.875 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við bakkalengd Krossár, frá ósi í sjó að fossi í Villingadal.

## 7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Hrygningar- og uppeldisskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum

erfiðleikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegu mati búsvæða er ætlað að bæta úr þessu.

Við mat þessa þáttar leggja matsmenn til grundvallar: Skilagrein, Búsvæðamat og skiptingu framleiðslueininga á veiðijarðir innan Veiðifélags Krossár, VMST-G/09003, sem unnin var af Sigurði Má Einarssyni hjá Veiðimálastofnun og gefin út í október 2010. Í skýrslunni kemur fram að búsvæði árinna hafi verið metin með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska árið 1998. Hafi ánni verið skipt upp í sex einsleit svæði þar sem framleiðslugeta einstakra árkafla hafi verið reiknuð til framleiðslueininga, en fjöldi þeirra sé háður flatarmáli og gæðum búsvæða til seiðaframleiðslu. Eingöngu hafi verið miðað við að meta búsvæði árinna í ferskvatni og næði matið því ekki til ósasvæðis hennar.

Samhliða því að Veiðifélag Krossár óskaði eftir að framleiðslueiningum væri skipt á veiðijarðir, vegna vinnu við nýtt arðskrármat, voru búsvæði í Krossdalsá könnuð sumarið 2008. Í framhaldi var matið frá 1998 endurreiknað í samræmi við breytingu á einkunnagjöf og mati einstakra botngerðaflokka.

Niðurstaða búsvæðamatsins er að fjöldi framleiðslueininga á vatnasvæði Krossár reiknast 3.323 einingar, þar af 2.983 í Krossá og 340 í Krossdalsá. Af þessum framleiðslueiningum reiknast 2.440 til jarðarinnar Skarðs, að jörðinni Á meðtalinni. Afgangurinn fellur til jarðarinnar Kross, alls 883 framleiðslueingar, þar af 340 vegna Krossdalsár.

Í búsvæðamatinu kemur fram að það sé vel þekkt að búsvæði hliðaráa geti nýst til framleiðslu seiða jafnvel þótt lax hrygni ekki í þeim. Í Krossdalsánni virðist þessi skýring eiga við því seiði á fyrsta ári hafi ekki fundist í ánni. Þá hafi seiðapétteleikinn verið mestur í neðri hluta árinna, en seiðum hafi fækkað eftir því sem ofar kom í ána og þar hafi einkum fundist eldri og stærri seiði.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 2.000 einingum milli veiðiréttareigenda við Krossá og Krossdalsá vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Þessum einingum er skipt í samræmi við framangreinda skiptingu framleiðslueininga á einstakar jarðir.

## **8. Aðrir þættir**

### **8.1 Villingadalsá**

Eins og áður hefur komið fram er fiskgengt að fossi í Villingadalsá um 8 km ofan við ármót Villingadalsár og Krossdalsár. Bakkalengd, veiði í ánni og búsvæði hafa verið tekin til mats í köflum 7.2, 7.3 og 7.4 hér að framan og einingar reiknaðar með tilliti til þeirra þátta. Fram hefur komið, m.a við vettvangsgöngu, að áin er friðuð fyrir allri veiði frá 1. september ár hvert. Friðun Villingadalsár er gerð í þágu vatnasvæðisins í heild og er markmið hennar að auka laxgengd og bæta lífríki ána. Almenn er slík aðgerð til hagsbóta fyrir alla veiðiréttareigendur, þ.m.t. þá sem friðunin snýr beint að, og minnkar á þann hátt tjón hans. Samkvæmt 49. gr. laga um lax- og silungsveiði er heimilt að bæta

tjón af völdun friðunar með úthlutun eininga í arðskrá. Matsnefnd ákveður að úthluta 160 einingum út á þessa friðun.

## **8.2 Krossdalsá og Þverá**

Helstu þverár Krossár eru Krossdalsá og Þverá. Engin gögn liggja fyrir um veiði í ám þessum og verður þar ekki úthlutað einingum vegna landlengdar. Í kafla 7.4 hér að framan var eiganda Krossdalsár hins vegar úthlutað einingum út á hrygningar- og uppeldisskilyrði.

## **8.3 Seiðasleppingar**

Samkvæmt upplýsingum veiðifélagsins hefur seiðum ekki verið sleppt í ána síðan árið 1999. Eitt sinn hafi verið prófað að sleppa þar gönguseiðum en slíkt hafi ekki verið gert í fjölmörg ár. Hafa þessar seiðasleppingar því engin áhrif í mati þessu.

## **8.4 Laxastigar, fiskvegir o.fl.**

Enginn laxastigi er í ánni en för fiska upp hana hefur verið auðvelduð með lagfæringum sem hafa þó engin áhrif í mati þessu umfram það sem leiðir af meiri dreifingu á veiði.

## **9. Kostnaður og gildistaka**

Allur kostnaður af mati þessu, 1.239.971 króna án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Krossár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.



## Úrskurðarorð:

**Arðskrá fyrir Veiðifélag Krossár skal vera sem hér greinir:**

Skarð.....	4.976
Á.....	1.659
Geirmundarstaðir.....	85
Frakkanes.....	135
Kross....	3.145
<b>Samtals</b>	<b>10.000</b>

**Reykjavík 19. nóvember 2011**

---

Örlygur Hnefill Jónsson formaður  
sign

---

Ásgeir Magnússon  
sign

---

Magnús Ólafsson  
sign

# Gögn til afnota við matsgerð

## A. Gögn um veiði

1. Skilagrein, Skipting á veiði í Krossá eftir veiðistöðum 1999-2008, VMST-G/08011.
2. Skrá um veiðistaði í Krossá og hvaða jörð hver veiðistaður tilheyrir.
3. Krossá, veiði 2009, Veiðmálastofnun, pdf-skjal.
4. Krossá, veiði 2010, Veiðmálastofnun, pdf-skjal.
5. Krossá 2010, skýrsla árnefndar SVFR.
6. Krossá 2010, laxveiði skipt niður á veiðistaði eftir mánuðum. Úr Ársskýrslu SVFR 2010.

## B. Gögn um land og búsvæði

1. Skilagrein, búsvæðamat og skipting framleiðslueininga á veiðijarðir innan Veiðifélags Krossár, október 2010, VMST-G/09003.
2. Mæling á bakkalengd Krossár, dags. ágúst 1970, Jóhann Guðm. Pétursson.
3. Mæling á Krossá, ósasvæði, samþykkt af aðilum, dags. 8. júní 1985.
4. Skrá um jarðir og eigendur að veiðisvæði Veiðifélags Krossár.
5. Veiðistaðir, Krossá, Skarðsströnd, kort af vef Stangveiðifélags Reykjavíkur, sem sýnir merktu veiðistaði í ánni.

## C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélag Krossár í Dalasýslu, dags. 30. janúar 1989.

## D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá eigendum jarðanna Skarðs og Ár, dags. 1. nóvember 2010.
2. Yfirlýsing um landamerki milli jarðanna Skarðs og Kross, dags. 30. september 2009.

## E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar o.fl.

1. Bréf stjórnar Veiðifélags Krossár, dags. 25. apríl 2009. Beiðni um mat á arðskrá.
2. Skrifleg ósk eiganda Kross lögð fram á aðalfundi, dags. 19. apríl 2009. Beiðni um mat á Krossá og þverám hennar.
3. Bréf matsmanna til stjórnar Veiðifélags Krossár, dags. 9. sept. 2009. Tilkynning um fyrirtöku og beiðni um gögn.
4. Fundarboð stjórnar veiðifélagsins um matsfund og vettvangsgöngu, dags. 9. september 2009.
5. Fundargerð matsnefndar.
6. Bréf matsmanna til félagsmanna, dags. 27. september 2009. Beiðni um gögn.
7. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 4. ágúst 2009. Fylgibréf með gögnum.
8. Samþykkt fyrir Veiðifélag Krossár nr. 992/2008.
9. Tillaga, samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Krossár, dags. 9. nóvember 2010, um bakkamælingar.
10. Afsal, dags. 13. apríl 1965, fyrir jörðina Á, Skarðsströnd.
11. Rekstrarreikningur Veiðifélags Krossár fyrir árin 2006, 2007 og 2008.